



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS TEKUR ÞÁTT Í CLINTON RÁÐSTEFNUNNI Í NEW YORK

William J. Clinton fyrrverandi forseti Bandaríkjanna hefur boðið Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands að taka þátt í viðamikilli alþjóðlegri ráðstefnu, *Clinton Global Initiative*, sem haldin er í New York í Bandaríkjunum. Ráðstefnuna sækja ýmsir þjóðarleiðtogar og forystumenn í alþjóðamálum, vísindum og viðskiptum og er henni einkum ætlað að fjalla um nýjar leiðir til lausnar á helstu vandamálum heimsbyggðar.

Meginviðfangsefni ráðstefnunnar eru fjögur:

- Baráttan gegn fátækt og þörfin fyrir nýtt samkomulag milli þróaðra og vanþróaðra ríkja
- Hættur á loftslagsbreytingum og hvernig viðskiptalíf veraldar getur með breyttum orkubúskap og nýjum framleiðsluháttum dregið úr þeim
- Hvernig bætt stjórnarfar og stuðningur við frumkvöðla geta leitt til efnahagslegra framfara og almennrar velsældar
- Áhrif trúar í stjórnámálum og leiðir til að draga úr átökum sem sprottin eru úr jarðvegi ólíkra trúarbragða

Ráðstefnan hefst í New York síðdegis í dag með setningarávörpum Williams J. Clinton fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, Jacques Chirac forseta Frakklands, Tony Blair forsætisráðherra Bretlands og Conoleezza Rice utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Ráðstefnan stendur síðan næstu tvo daga, 16. og 17. september, og munu þátttakendur skiptast í vinnuhópa sem tengjast meginviðfangsefnum hennar. Markmið ráðstefnunnar er að leggja drög að raunhæfum úrbótum á þessum sviðum..

Forseti Íslands mun auk þátttöku í ráðstefnunni eiga fundi í New York með ýmsum sérfræðingum og áhrifafólki á alþjóðavettvangi.

15. september 2005

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimsíðu hennar, <http://www.clintonglobalinitiative.org>